

Reglur um frístundastyrki hjá Hafnarfjarðarbæ fyrir 6 til 18 ára

1. gr. Markmið og tilgangur

Hafnarfjarðarbær veitir forráðamönnum barna á aldrinum sex til 18 ára frístundastyrki vegna þátttöku barna í skipulögðu íþróttá- og tómsundastarfi.

Markmið niðurgreiðslna með frístundastyrknum er að gera börnum með lögheimili í Hafnarfirði kleift að taka þátt í íþróttá- og tómsundastarfi óháð efnahag fjölskyldna og að efla íþróttá- og annað forvarnastarf í Hafnarfirði. Einnig á niðurgreiðslan að vinna gegn óæskilegu brottfalli í eldri aldurshópum iðkenda.

2. gr. Skipulagt frístundastarf og styrkhæfi aðila

Starfsemin fari fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við kennslu og þjálfun barna og unglinga. Börn undir 18 ára aldri skulu ekki starfa við þjálfun, kennslu- eða leiðbeinendastörf í barnastarfi ein síns liðs. Fagaðili/þjálfari getur þó haft einstaklinga undir 18 ára aldri sér til aðstoðar.

Heimilt er að nýta frístundastyrkinn í tónlistarnám.

Niðurgreiðslur ná einungis til félaga og viðurkenndra aðila sem eru með skipulagða kennslu/þjálfun í að minnsta kosti 10 vikur í senn og að lágmarki eina æfingu í viku. Sérákvæði vegna íþróttagreina sem eru árstíðabundnar og með tíðar æfingar í styttri tíma. Iðkandi sem stundar æfingar hjá viðurkenndu íþróttafélagi sem eru árstíðabundnar t.d. skíði, reiðmennska og golf hefur heimild til að ráðstafa frístundastyrknum á ársgrunni til að greiða niður æfingagjöldin. Þessi heimild gildir einu sinni á hverju ári fyrir allt árið, frístundastyrkurinn verður aldrei hærri en **54.000 kr.** á ári. Forráðamönnum þessara aðila ber að framvísa reikningi í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar (sjá síðar í texta viðmið varðandi gerð reiknings) til að fá frístundastyrkinn greiddan.

3. gr. Skilyrði fyrir veitingu styrk

Meginskilyrði fyrir endurgreiðslu til félaga verður að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðustum skilningi.

Hægt er að nota frístundastyrk til að greiða niður líkamsræktarkort eða sambærilegt aðgangskort sem tengist íþróttum og hreyfingu sem gilda í 3 mánuði eða lengur fyrir 16 ára

og eldri að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um fræðslu til iðkenda og utanumhald. Heimildin gildi frá áramótum þess árs sem börnin verða 16 ára.

Íprótta- og tómstundafulltrúi metur hvort einstaka aðilar uppfylla skilyrði reglna og ber tillögur sínar undir íprótta- og tómstundanefnd leiki vafi á styrkhæfi.

4. gr.

Samstarfsaðilar

Aðili sem sinnir skipulögðu íprótta- og tómstundastarfi skal gera samning við Hafnarfjarðarbæ að uppfylltum reglum um styrkhæfi. Aðild að niðurgreiðslum Hafnarfjarðarbæjar á íprótta- og tómstundaiðkun má ekki verða til þess að gjaldskrár/æfingagjöld hækki óeðlilega milli ára.

Hafnarfjarðarbær tekur saman lista með fjölda þátttökustaðfestinga forráðamanna og sendir til félaga/deilda og greiðir félögum/deildum niðurgreiðslustyrki samkvæmt nánara samkomulagi við viðkomandi ípróttafélag /deild út frá heildarlista.

5. gr.

Uppgjör og skil aðila á gögnum Ef iðkandi hættir iðkun á tímabilinu sem hann er skráður á og hefur greitt fyrir ber forráðamanni að tilkynna þjónustuveri það skriflega svo hægt sé að skrá iðkanda hættan í kerfinu. Iðkandi skráist hættur í kerfinu frá þeim degi sem tilkynning berst.

6. gr.

Upphæð og framkvæmd niðurgreiðslu-

Félag/deild fær greiddar 4.500 kr. fyrir hvern iðkanda sex ára til 18 ára á mánuði til lækkunar á þáttökugjaldi og miðað skal við fæðingarár. Árið sem barn verður sex ára getur það byrjað að fá styrk 1. janúar og hættir að fá styrk 31. desember árið áður en það verður 18 ára. Ber félagi/deild að lækka þáttökugjald iðkandans sem þessu nemur við greiðslu á æfingagjaldi.

Ef þáttökugjald er hærra en sem nemur frístundastyrk Hafnarfjarðarbæjar innheimtir félag/deild mismuninn hjá forráðamönnum.

Niðurgreiðsla bæjarins er að hámarki 4.500 kr. á mánuði.

Á kvittun þátttakenda um námskeiðskostnað skal geta til um heildarupphæð námskeiðs, frádrátt vegna frístundastyrks og eftirstöðvar sem þátttakanda ber að greiða

Greiðslukvittanir sem berast fyrir 15. dag hvers mánaðar og uppfylla viðmið sem hér eru sett fram, verða greiddar um 20. næsta mánaðar.

Ekki er tekið á móti kvittunum eldri en tveggja mánaða frá upphafsdegi námskeiðs.

7. gr.
Umsóknarferli

Sótt er um á vef Hafnarfjarðarbæjar undir Mínar síður eða á heimasíðu viðkomandi félags í gegnum Norakerfi félagsins eða annað skráningarkerfi viðurkennt af Hafnarfjarðarbæ.

Þegar forráðamaður staðfestir þátttöku barns fær viðkomandi félag/deild og Hafnarfjarðarbær staðfestingu þar um.

Félög sem eru ekki með Nora kerfið mega gefa út greiðslukvittanir til foreldra þar sem kvittun uppfyllir viðmið Hafnarfjarðarbæjar. Á reikningi eða greiðslukvittun skal eftirfarandi koma fram

- Fullt nafn og kennitala iðkanda
- Heiti íþróttta-, skóla- eða tómstundafélags og hvaða deild eða námskeið barnið er á
- Upphafs- og lokadagsetning námskeiðs sem greitt er fyrir
- Heildarkostnaður námskeið
- Stimpill/og eða undirritun starfsmanns

Þjónustuverið s. 5855500 eða netfangið thjonustuver@hafnarfjordur.is veitir frekari upplýsingar og aðstoð varðandi skráningar á Mínum síðum.

Samþykkt í bæjarstjórn þann janúar/desember 2019/2020